


Kveikt á Óslóartrénu

Enn á ný hafa Óslóarbúar sent Reykvíkingum jólatré á sinn fasta stað á Austurvelli. Kveikt var á trénu sl. sunnudag með hefðbundinni athöfn, í blíðviðri og að viðstöddu fjölmenni á öllum aldri. Auk ávarpa og jólatónlistar skemmtu jólasveinar gestum með uppátækjum sínum.



Mannmergð var í miðborginni

Ortröð var í miðborg Reykjavíkur að kvöldi Þorláksmessu enda blíðuveður og verslanir opnar til klukkan 23. Laugavegur og Bankastræti voru lokað fyrir bílaumferð um tíma og var mannfjöldinn þar nánast eins og á þjóðhátíðardegi. Þeir sem ekki voru að reka síðustu erindin fyrir jólin voru aðallega að sýna sig, sjá aðra og fylgjast með stemningunni enda mátti víða sjá og heyra ýmsa hópa tónlistarfólks flytja jólatónlist.



Fyrstur til byggða

Fyrsti jólasveinninn kom til byggða í nótt og fór víða enda skór í mörgum gluggum.

Næstu tólf dagana er von á hinum bræðrum hans og munu þeir trúlega hafa sama háttinn á, stinga einhverju í skó hér og þar, svo framarlega sem börnin hafi verið þæg og góð.

Færið var nokkuð misjafnt fyrir sleðann og víst vildu þeir bræður gjarnan vilja sjá meiri snjó til að auðvelda sér yfirferðina.

The Oslo Christmas Tree Lit

Once again the inhabitants of Oslo have sent the people of Reykjavík a Christmas tree, which has its customary location on Austurvöllur square. Last Sunday the tree was lit with a traditional ceremony in very good weather and with a large crowd of people of all ages. In addition to addresses and Christmas music, the Christmas elves entertained the gathering with their antics.

Crowds in the City Center

There was a crush in downtown Reykjavík on the evening of 23 December, since the weather was extremely fine and shops were open until 11 o'clock. For a while, Laugavegur and Bankastræti were closed to car traffic, and the crowd was almost as dense as on National Day. Those who were not doing their final shopping before Christmas were mainly showing themselves and seeing others and observing the mood of the evening. Here and there you could see and hear various groups performing Christmas music.

The First to Reach Inhabited Areas

The first of the Christmas elves reached the inhabited areas last night and travelled far and wide, since there were shoes in many windows.

Over the next twelve days his brothers are expected, and they will probably also put something in shoes here and there, provided the children have been obedient and good. Travelling conditions for the sleds are not the very best, and certainly the brothers would prefer more snow to make the going smoother.